

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, mánudaginn 26. apríl kl. 13:00 var haldinn 305. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1 og um fjarfundarbúnað. Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eypór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Guðjón Viðar Guðjónsson í fjarveru Valgarðs Lyngdal, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir og Björn Gíslason að hluta. Fulltrúi starfsmanna var Davíð Örn Ólafsson. Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 304 lögð fram, samþykkt og verður undirrituð rafrænt.
2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar og reksturs. Klukkan 13:20 mætti Ásgeir Westergren til fundarins og gerði einnig grein fyrir stöðu virkjanatrygginga. Umræður.

Áhættuskýrsla, dags. 14.04.2021 lögð fram og kynnt.

3. Klukkan 13:45 mætti Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx, til fundarins, kynnti ásamt Ingvari Stefánssyni og lagði fram svohljóðandi tillaga um fjárhagsstuðning við Carbfíx ohf. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita Carbfíx ohf. viðbótarfjármögnun að fjárhæð allt að 300 m.kr., svo hægt sé að viðhalda tímaáætlunum lykilverkefna um frekari uppskölun og þróun Carbfíx tækninnar árið 2021. Stefnt er að því að fjármögnun félagsins til lengri tíma ljúki á árinu.

Samþykkt samhljóða.

Klukkan 13:55 mætti Bryndís Ísfold, forstöðukona samskipta og samfélags, til fundarins og sagði frá kynningu á Coda verkefni Carbfíx þann 22. apríl sl.

4. Klukkan 14:35 mættu Hildigunnur Thorsteinsson og Sigrún Tómasdóttir frá Rannsóknunum og nýsköpun ásamt Gestí Péturssyni, framkvæmdastjóra Veitna og Arndísi Ósk Ólafsdóttur, forstöðukonu Vatns- og fráveitu til fundarins og kynntu framtíðarsýn forðamála vatnsveitu Reykjavíkur og Akraness. Umræður.
5. Klukkan 15:07 mætti Kristján Már Atlason, forstöðumaður fyrirtækjamarkaðar Orku náttúrunnar og kynnti þróun og samkeppni á raforkumarkaði.

Klukkan 15:45 vék Eypór Arnalds af fundi og Björn Gíslason tók sæti á fundinum í hans stað.

6. Klukkan 15:45 mættu Berglind Rán Ólafsdóttir, Edda Sif Aradóttir, Gestur Pétursson, Guðrún Erla Jónsdóttir, Hildigunnur Thorsteinsson, Ingvar Stefánsson, og Sólrún Kristjánsdóttir til fundarins og kynntu lykilverkefni í samræmi við áherslur stjórnar á starfsdegi. Umræður.
7. Klukkan 16:15 mætti Grettir Adolf Haraldsson til fundarins og kynnti tilboð í endurbyggingu útveggja vesturhúss. Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 26. apríl 2021 vegna endurbyggingu Vesturhúss. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að fela forstjóra að ganga til samninga við Ístak hf. um endurbyggingu útveggja vesturhúss OR að Bæjarhálsi 1, á grundvelli tilboðs Ístaks í verkframkvæmdina. Tilboð Ístaks, sem er að fjárhæð 1.580.631.965.- kr. fyrir utan virðisaukaskatt, var lægsta gilda tilboðið sem barst.

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Guðjóns Viðars Guðjónssonar. Hildur Björnsdóttir og Björn Gíslason sitja hjá.

Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Björn Gíslason leggja fram svohljóðandi bókun:

Saga þessa húss er orðin löng raunasaga allt frá því að ákveðið var að byggja þetta umdeilda hús og til þessa dags þar sem fjölþætt mistök eru staðfest í ítarlegri matsgerð sem nýlega var birt.

8. Klukkan 16:35 mætti Anna Margrét Björnsdóttir, skjalastjóri til fundarins og lagði fram stefnu í skjala- og upplýsingastjórnun til rýni. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt.

Klukkan 16:48 mætti Birgitta Vigfúsdóttir, þjónustustjóri innkaupa til fundarins og lagði fram innkaupastefnu Orkuveitu Reykjavíkur til rýni. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt. Ennfremur lagt fram innkaupayfirlit, dags. 26. apríl 2021.

9. Lagt fram minnisblað dags. 16. apríl 2021 vegna fyrirspurnar Eyþórs Laxdal Arnalds um kostnað vegna útgáfu sögu fráveitunnar „Cloacina“.
10. Lagt fram og minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 21. apríl 2021. Einnig lagt fram minnisblað um forðagæslu, dags. 22. apríl 2021.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:56.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 31. maí 2021.

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Eyþór Laxdal Arnalds
Guðjón Viðar Guðjónsson
Björn Gíslason.

Sigríður Rut Júlíusdóttir
Hildur Björnsdóttir
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir